

EBK ehf. - Eldsneytisbirgðastöð Keflavíkurflugvelli  
Keflavíkurflugvelli  
235 Keflavíkurflugvöllur

Akureyri, 8. júní 2020  
UST202003-027/G.S.Á.  
08.06.02

**Efni: Varðar þrýstiprófun á olíulögn að geymi nr. 4, í olíubirgðastöð EBK ehf., Keflavíkurflugvelli.**

Umhverfisstofnun bárust þann 20. maí sl. niðurstöður þrýstiprófunar á nýrri lögn sem flytur olíu að geymi nr. 4, innan þróar í olíubirgðastöð EBK á Keflavíkurflugvelli. Lögnin er 12 tommu lögn með 9,53 mm veggjaþykkt og var hluti hennar prófaður, frá tengingu við samskeyti við Test Rig lögn að loka á tank.

Prófun fór fram þann 18. maí sl. og var framkvæmd af Vélsmiðjunni Orra ehf. Þrýstingi var lyft upp í prófunarþrýsting, í 15 bara þrýsting og prófað í 4 klst. Mælir af gerðinni WIKA, ser.nr. 54Ø1YP57 var notaður við prófunina og þrýstingsbreytingar og hitastig skráð á 15 mín fresti. Þrýstingur var felldur als 8 sinnum vegna hitabreytinga. Í athugasemdum prófunarblaðs kemur fram að hluti lagnar sem þrýstiprófuð var er sýnd á teikningu -MDR-0101 útg. E.

**Lögnin stóðst þrýstiprófið.**

**Umhverfisstofnun samþykkir áframhaldandi notkun á lögninni. Bent er á að þrýstiprófa skal lagnir að lágmarki á fimm ára fresti.**

Virðingarfyllst

*G. Stella Arnadóttir*

Guðbjörg Stella Arnadóttir  
sérfræðingur

*Halla Einarsdóttir*

Halla Einarsdóttir  
teymisstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurnesja